

## REGLUR

### um eftirlit með notkun innri aðferða við útreikning á eiginfjárkröfum fjármálafyrirtækja.

#### 1. gr.

##### *Gildissvið.*

Reglur þessar gilda um fjármálafyrirtæki sem hafa heimild fjármálaeftirlitsins til að beita innri aðferðum við mat á áhættubáttum í útreikningi á áhættugrunni skv. 109. gr. ee laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, og um eftirlit með notkun innri aðferða.

#### 2. gr.

##### *Upplýsingagjöf og eftirlit með notkun innri aðferða.*

Fjármálafyrirtæki, sem skylt er að veita fjármálaeftirlitinu og Evrópsku bankaeftirlitsstofnuninni upplýsingar um notkun innri aðferða skv. 109. gr. hh laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, skal skila gögnum í samræmi við reglugerð (ESB) 2016/2070, með síðari breytingum, sbr. 3. gr. Gögnum skal skilað á því formi og með þeirri tíðni sem tilgreind er í reglugerðinni.

Um mat fjármálaeftirlitsins á gæðum innri aðferða fjármálafyrirtækja skv. 109. gr. ff laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, og miðlun þessara mata á milli eftirlitsstjórnvalda, fer eftir reglugerð (ESB) 2017/180, sbr. 3. gr.

#### 3. gr.

##### *Innleiðing reglugerða.*

Með reglum þessum öðlast eftirtaldar reglugerðir gildi hér á landi:

1. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/2070 frá 14. september 2016 um tæknilega framkvæmdarstaðla fyrir sniðmát, skilgreiningar og upplýsingatæknilausnir sem stofnanir eiga að nota við skýrslugjöf til Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar og lögbærra yfirvalda í samræmi við 2. mgr. 78. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB, sem tekin var upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 82/2019 frá 29. mars 2019 sem birt er í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 44 frá 2. júlí 2020, bls. 71.
2. Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/180 frá 24. október 2016 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla fyrir viðmiðunarmatsstaðla eignasafns og málsmeðferðir við miðlun á mati, sem tekin var upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 82/2019 frá 29. mars 2019 sem birt er í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 44 frá 2. júlí 2020, bls. 71. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 50 frá 23. júlí 2020, bls. 355-363.
3. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1486 frá 10. júlí 2017 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2016/2070 að því er varðar viðmiðunareignasöfn og leiðbeiningar fyrir skýrslugjöf, sem tekin var upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 83/2019 frá 29. mars 2019, sem birt er í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 44 frá 2. júlí 2020, bls. 77.
4. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/688 frá 23. mars 2018 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2016/2070 að því er varðar viðmiðunareignasöfn, sniðmát fyrir skýrslugjöf og leiðbeiningar fyrir skýrslugjöf, sem tekin var upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 64/2020 frá 30. apríl 2020 sem birt er í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 19 frá 9. mars 2023, bls. 33.
5. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/439 frá 15. febrúar 2019 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2016/2070 að því er varðar viðmiðunareignasafn, skýrslusniðmát og skýrslugjafarfyrirmæli sem beita á í Sambandinu fyrir skýrslugjöfina sem um getur í 2. mgr. 78. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB, sem tekin var upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 17/2020 frá 7.

febrúar 2020 sem birt er í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 13 frá 16. febrúar 2023, bls. 37.

6. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1971 frá 13. september 2021 um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/2070 um tæknilega framkvæmdarstaðla fyrir sniðmát, skilgreiningar og upplýsingatæknilausnir sem stofnanir eiga að nota við skýrslugjöf til Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar og lögbærra yfirvalda í samræmi við 2. mgr. 78. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB, sem tekin var upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 143/2022 frá 29. apríl 2022 sem birt er í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 61 frá 22. september 2022, bls. 98.
7. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/2017 frá 13. september 2021 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2016/2070 að því er varðar viðmiðunareignasafn, skýrslusniðmát og skýrslugjafarfyrirmæli sem beita á í Sambandinu fyrir skýrslugjöfina sem um getur í 2. mgr. 78. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB, sem tekin var upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 144/2022 frá 29. apríl 2022 sem birt er í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 61 frá 22. september 2022, bls. 99.
8. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/951 frá 24. maí 2022 um breytingu á tæknilegum framkvæmdarstöðlum sem mælt er fyrir um í framkvæmdarreglugerð (ESB) 2016/2070 að því er varðar viðmiðunareignasöfn, skýrslusniðmát og skýrslugjafarfyrirmæli sem beita á í Sambandinu fyrir skýrslugjöfina sem um getur í 2. mgr. 78. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB, sem tekin var upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 327/2022 frá 9. desember 2022 sem birt er í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 48 frá 29. júní 2023, bls. 62.
9. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/313 frá 15. desember 2022 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2016/2070 að því er varðar viðmiðunareignasafn, skýrslusniðmát og leiðbeiningar fyrir skýrslugjöf skv. 2. mgr. 78. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB, sem tekin var upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 184/2023 frá 5. júlí 2023.

Með vísan til heimildar í ákvæði til bráðabirgða III í lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, sbr. lög nr. 57/2015, vísar Seðlabanki Íslands til birtingar enskrar útgáfu af reglugerðum framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/2070, 2017/1486, 2018/688, 2019/439, 2021/1971, 2021/2017, 2022/951 og 2023/313 í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins (e. Official Journal of the European Union):

1. <https://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/ALL/?uri=CELEX:32016R2070>, birt í OJ deild L, undirdeild R, nr. 328, þann 2. desember 2016, bls. 1-1422;
2. <https://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/ALL/?uri=CELEX:32017R1486>, birt í OJ deild L, undirdeild R, nr. 225, þann 31. ágúst 2017, bls. 1-2833;
3. <https://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/ALL/?uri=CELEX:32018R0688>, birt í OJ deild L, undirdeild R, nr. 124, þann 18. maí 2018, bls. 1-6351;
4. <https://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/ALL/?uri=CELEX:32019R0439>, birt í OJ deild L, undirdeild R, nr. 90, þann 29. mars 2019, bls. 1-4970;
5. <https://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/ALL/?uri=CELEX:32021R1971>, birt í OJ deild L, undirdeild R, nr. 412, þann 19. nóvember 2021, bls. 1-2763;
6. <https://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/ALL/?uri=CELEX:32021R2017>, birt í OJ deild L, undirdeild R, nr. 424, þann 26. nóvember 2021, bls. 1-2861;
7. <https://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/ALL/?uri=CELEX:32022R0951>, birt í OJ deild L, undirdeild R, nr. 174, þann 30. júní 2022, bls. 1-2889;
8. <https://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/ALL/?uri=CELEX:32023R0313>, birt í OJ deild L, undirdeild R, nr. 46, þann 14. febrúar 2023, bls. 1-2419.

4. gr.  
*Gildistaka.*

Reglur þessar, sem settar eru með heimild í 9. tölul. 1. mgr. 117. gr. b laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, öðlast þegar gildi. Við gildistöku þeirra falla úr gildi reglur nr. 397/2023 um eftirlit með notkun innri aðferða við útreikning á eiginfjárkröfum fjármálafyrirtækja.

*Seðlabanka Íslands, 4. október 2023.*

**Ásgeir Jónsson**  
seðlabankastjóri.

**Rannveig Júníusdóttir**  
framkvæmdastjóri.

---

B-deild – Útgáfudagur: 18. október 2023